

FERÐAÞJÓNUSTA Í TÖLUM

- Janúar 2024


Erlendir ferðamenn um Keflavíkurlugvöll

Brottfarir erlendra farþega árið 2023¹


	% af brottförum	Fjöldi	Breyting frá	
			2022	2019
Heildarfjöldi	2.223.655		31%	112%
<i>10 stærstu þjóðernin*</i>				
Bandaríkin	28,3%	629.015	37%	136%
Bretland	12,5%	279.059	21%	107%
Þýskaland	6,1%	136.490	4%	103%
Pólland	6,0%	134.427	61%	143%
Frakkland	4,5%	99.208	11%	102%
Ítalía	3,6%	79.936	31%	170%
Spánn	3,0%	67.202	33%	114%
Kanada	2,6%	57.779	32%	83%
Kína	2,5%	54.580	130%	48%
Holland	2,4%	52.787	3%	122%

*Samanlagt voru tíu stærstu þjóðernin 2023, 71,5% af heild.


Brottfarir eftir mánuðum 2023 ('000)¹



Brottfarir eftir mánuðum 2023 – Fimm stærstu þjóðernin¹



Brottfarir erlendra farþega 2019-2023¹



Tilgangur Íslandsferðar, dvalarlengd erlendra ferðamanna

Megintilgangur árið 2023²

	% af brottförum	Fjöldi*
Frí	92,5%	2.056.881
Heimsókn til vina/ætt.	2,3%	51.144
Viðskiptatengt	2,5%	55.591
Heilsutengt, nám o.fl.	1,6%	35.579
Dvöl án gistingar	1,1%	24.460


Fjöldatölur eru uppreiknaðar út frá talningum á Keflavíkurlugvelli.

Dvalarlengd árið 2023²

	Meðalfjöldi gistinguátta	Breyting* frá	
		2022	2019
Meðaldvalarlengd	7,0	-5,4%	6,1%
Bandaríkin	6,4	-3,0%	14,3%
Bretland	4,9	-9,3%	0%
Þýskaland	9,6	-2,0%	9,1%
Pólland	6,5	-21,7%	-12,2%
Frakkland	9,4	4,4%	10,6%
Ítalía	7,9	-6,0%	-1,3%
Spánn	8,6	1,2%	2,4%
Kanada	7,0	-4,1%	12,9%
Kína	6,2	8,8%	5,1%
Holland	7,9	-8,1%	5,3%


*Samanburður tekur mið af gistinguátum á ársgrunni 2023/'22 og 2023/'19.

Dvalarlengd (nætur) ferðamanna eftir mánuðum 2023²




Hvaða landshlutar heimsóttir og í hvaða landshluta gist²

Hvaða landshluta heimsóttu erlendir ferðamenn árið 2023¹



Í hvaða landshluta gistu erlendir ferðamenn árið 2023¹




Gistinætur

Skráðar gistinætur Íslendinga og útlendinga 2023*³


	% af gistinóttum	Fjöldi gistinóta	Breyting frá ⁴	
			2022	2019
Gistinætur alls		9.950.296	16,4%	18,4%
Hótel	52,8%	5.257.789	11,9%	16,0%
Gistiheimili	13,3%	1.326.701	15,2%	5,4%
Önnur gisting	33,8%	3.365.806	24,8%	28,7%

*Óskráðar gistinætur útlendinga voru 1.873.200 árið 2023.

Skráðar gistinætur ('000) eftir mánuðum³



Skráðar gistinætur 2019-2023³



Hótelgistinætur

Gistinætur 5 stærstu þjóðerna* á hótélum 2023


	% af gistinóttum	Fjöldi gistinóta	Breyting frá ⁴	
			2022	2019
Gistinætur alls		5.257.789	11,9%	16,0%
Bandaríkin	26,7%	1.402.289	18,9%	16,0%
Ísland	18,0%	944.212	1,0%	115,2%
Bretland	13,7%	721.478	9,9%	9,8%
Þýskaland	7,3%	384.924	-3,9%	9,4%
Frakkland	3,6%	188.055	-1,2%	5,6%

*Gistinætur fimm stærstu þjóðerna 69,3% af hótelgistinóttum.

Herbergjanýting á hótélum 2023³

	Landið allt		Höfuðborgarsvæðið	
	Nýting 2023	Breyting frá ⁴ 2022 2019	Nýting 2023	Breyting frá ⁴ 2022 2019
Allt árið	69%	9% 6%	77%	6% 3%
Jan	52%	83% 5%	71%	95% 7%
Feb	66%	29% -2%	80%	19% -5%
Mar	66%	19% 0%	79%	16% -1%
Apr	58%	16% 18%	66%	12% 17%
Mai	66%	23% 18%	70%	12% 5%
Jún	79%	1% 10%	80%	-3% 3%
Júl	87%	-2% 7%	88%	-4% 9%
Ágú	86%	-3% 4%	84%	-7% -1%
Sep	82%	5% 11%	83%	1% 6%
Okt	77%	5% 12%	85%	0% 9%
Nóv	59%	1% 2%	75%	-2% -2%
Des	47%	-8% -9%	63%	-11% -9%

Herbergjanýting á hótélum eftir landshlutum³



Heimildir

¹Ferðamálastofa og Isavia: Brottfarartalningar á Keflavíkurlflugvelli 2018-2023. Um er að ræða talningu á farþegum á leið úr landi áður en komið er inn á brottfararsvæði og ber að skoða tölurnar með þeim fyrirvörum sem aðferðafræðin felur í sér. Talningarnar náðu yfir alla sem fóru í gegnum hefðbundna öryggisleit fram í september 2019. Frá og með október 2019 hefur verið byggt á úrtaksaðferð.

²Ferðamálastofa: Landamærakönnun Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands á Keflavíkurlflugvelli 2022-2023.

³Hagstofa Íslands: Gistinóttatalningar 2019-2023. Um er að ræða bráðabirgðatölur fyrir árið 2023. Með skráðum gistinóttum er átt við gistinætur hjá rekstraraðilum sem eru skráðir í gistináttagrunni Hagstofunnar.

⁴Samanburður tekur mið af gistinóttum á ársgrunni 2023/'22 og 2023/'19.

Ferðapjónusta í tölum, janúar 2024 - samantekt

Í „Ferðapjónusta í tölum – janúar 2024“ má sjá samantekt um ýmsar stærðir í íslenskri ferðapjónustu fyrir árið 2023, m.a. brottfarartalningar erlendra farþega frá landinu um Keflavíkurflugvöll, skráðar gistinætur, nýtingu á hótélum og nokkrar niðurstöður er varða dvöl ferðamanna á Íslandi s.s. um tilgang ferðar, dvalarlengd og heimsóknir eftir landshlutum.

Um 2,2 milljón erlendar brottfarir árið 2023*

Brottfarir erlendra farþega frá landinu um Keflavíkurflugvöll voru um 2,2 milljónir árið 2023 samkvæmt talningu Ferðamálastofu og Isavia eða ríflega hálfri milljón fleiri en árið 2022. Um er að ræða 12% fleiri brottfarir en árið 2019 og um 96% af brottförum árið 2018 sem var metár í fjölda ferðamanna til Íslands.

Bandaríkjamenn voru fjölmennastir árið 2023, tæplega 630 þúsund talsins eða ríflega fjórðungur (28%) allra brottfara. Um er að ræða 171 þúsund fleiri brottfarir Bandaríkjamanna en árið 2022 og um 165 þús. fleiri en árið 2019. Áður höfðu brottfarir þeirra mælst einu sinni fleiri á ársgrunni eða 695 þúsund talsins árið 2018. Brottfarir Bretanna voru í öðru sæti, um 279 þúsund, eða um 49 þús. sinnum fleiri en árið 2022. Um er að ræða fjórða stærsta árið í brottförum Bretanna en áður höfðu þær mælst á bilinu 298-322 þúsund 2016-2018. Í þriðja sæti voru brottfarir Þjóðverja, um 136 þús. talsins, nokkrum þús. fleiri en 2022 og 2019. Í fjórða til fimmta sæti voru brottfarir Pólverja og Frakka.

Ríflega þriðjungur brottfara 2023 var að sumri til (júní-ágúst), tæplega þriðjungur að vori og hausti (apríl-maí/sept.-okt.) og tæplega fimmjungur að vetri (jan.-mars/nóv.-des.).

Tilgangur ferðar og heimsóknir eftir landshlutum

Langflestir eða ríflega níu erlendir ferðalangar af hverjum tíu (92,5%) voru í frii á Íslandi árið 2023 samkvæmt könnun Ferðamálastofu. Um 2,3% voru í heimsókn hjá vinum og ættingjum og um 2,5% í viðskiptatengdum tilgangi. Um 2,7% voru í annars konar tilgangi. Um níu ferðamenn af hverjum tíu heimsóttu höfuðborgarsvæðið, um átta af hverjum tíu Suðurland, tæplega sjö af hverjum tíu Reykjanesið, tæplega helmingur Vesturland, tæplega þriðjungur Norðurland, ríflega fjórðungur Austurland og ríflega einn af hverjum tíu Vestfirði.

Meðalfjöldi gistinotta sjö nætur 2023

Ferðamenn dvöldu að jafnaði sjö nætur á ferðalögum um Ísland árið 2023 samkvæmt könnun Ferðamálastofu, tæplega hálfri nótt skemur en árið 2022. Áhrifa Covid-19 faraldursins, sem leiddi til lengri dvalarlengdar erlendra ferðamanna hérlandis, virðast tekin að dvína og dvalarlengdin að færast í það horf sem hún var fyrir faraldur en hún mældist 6,3 nætur 2018 og 6,6 nætur 2019.

Bandaríkjamenn sem vega þyngst sem stærsta þjóðernið dvöldu að jafnaði 6,4 nætur árið 2023 en dvalarlengd þeirra var 6,6 nætur árið 2022. Fyrir Covid-19 var dvalarlengd Bandaríkjamanna 5,4 nætur 2018 og 5,6 nætur 2019. Af tíu fjölmennustu þjóðernunum 2023 dvöldu Þjóðverjar lengst eða 9,6 nætur að jafnaði og Frakkar næstlengst eða 9,4 nætur. Lengst var dvalarlengdin 2023 í ágúst (8,4 nætur) og júlí (8,2) en styst í febrúar (5,3) og janúar (5,6).

Skráðar gistinætur 2023 aldrei mælst svo margar

Skráðar gistinætur voru tæplega tíu milljón talsins árið 2023 samkvæmt gistináttagrunni Hagstofunnar og hafa þær ekki áður mælst svo margar og á það bæði við um gistinætur Íslendinga og útlendinga.

Um fimmjung (21,6%) gistinotta mátti rekja til Íslendinga eða um 2,1 milljón talsins. Um er að ræða þriðja árið í röð þar sem gistinætur Íslendinga mælast um tvær milljónir á ársgrunni eða tvisvar sinnum fleiri en þær voru fyrir Covid-19 faraldurinn. Gistinætur útlendinga í skráðri gistingu mældust 7,8 milljón talsins, um 1,4 milljón fleiri en árið 2022 og um 1,5 milljón fleiri en árið 2019. Þar við bætast gistinætur útlendinga í óskráðri gistingu 2023, 1,9 milljón talsins.

Tæplega 60% gistinotta á hótélum tilkomnar vegna bandarískra, íslenskra og breskra ferðalanga

Um helmingi skráðra gistinotta (52,8%) 2023 var eytt á hótélum, 5,3 milljónum talsins, samkvæmt gögnum Hagstofu. Um er að ræða um 560 þúsund fleiri hótélginætur en árið 2022 (12% aukning) og um 725 þúsund fleiri en árið 2019 (+16%). Ríflega fjórðungur (1,4 milljón) hótélginotta 2023 mátti rekja til Bandaríkjamanna, tæplega fimmjung (944 þús.) til Íslendinga og tæplega 14% (721 þús.) til Bretanna. Í fjórða til fimmta sæti voru gistinætur Þjóðverja og Frakka.

Um 13,3% skráðra gistinotta 2023 var varið á gistiheimilum og um þriðjung (33,8%) í annars konar gistingu. Ríflega tveimur af hverjum fimm (43,2%) gistinottum var eytt yfir sumarmánuðina þrjá.

Nýting á hótélum fór yfir 90% á Suðurlandi og Austurlandi í júlí 2023

Nýting hótélherbergja á landsvísu fór yfir 75% fimm mánuði ársins 2023 (júní-okt.). Hæst var nýtingin í júlí 87% en þá mældist hún 88% á höfuðborgarsvæðinu og yfir 90% á Suðurlandi og Austurlandi. Þrjú mánuði ársins var nýtingin 66% á landsvísu (feb, mars, maí) en fjóra mánuði ársins fór hún niður fyrir 60% og mældist lægst í desember, 47%

* Fjöldatölur taka mið af brottfarartalningum Ferðamálastofu og Isavia á Keflavíkurflugvelli og ber að skoða tölurnar með þeim fyrirvörum sem aðferðafræðin felur í sér.